

**Sb.**

**136. Tillaga til þingsályktunar**

[112. mál]

um réttindi sambúðarfólks.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lög um lífeyrissjóði með samræmingu við ákvæði 57. greinar almannatryggingalaga um réttindi sambúðarfólks fyrir augum, eftir því sem við getur átt.

**Greinargerð.**

Í 57. grein almannatryggingalaga segir, að sama rétt til bóta og hjón hafi einnig samkvæmt þeim lögum karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt 2 ár, og sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Tilsvaramandi ákvæði eru hins vegar ekki í gildandi lögum um lífeyrissjóð, en þau eru: Lög nr. 16 24. apríl 1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, lög nr. 46 14. maí 1965, um eftirlaun alþingismanna, lög nr. 47 14. maí 1965, um eftirlaun ráðherra, lög nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lög nr. 85 30. desember 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara og lög nr. 78 28. apríl 1962, um Lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

Hér skal engu um það spáð, hvort búskapur karls og konu í svonefndri óvígðri sambúð mundi aukast eða minnka við lögfestingu slíkra ákvæða, en trúlega ráða þar önnur atriði meiru um.

Hitt er staðreynd, að slík sambúð er allaleng hér á landi og þegar viðurkennd í lögum að nokkru leyti, sbr. áður nefnda grein tryggingalaganna.

Lítill sanngirni sýnist í því til dæmis, að kona, sem missir sambýlismann sinn frá ungum börnum þeirra, standi uppi réttindalaus og eigi enga kröfu á þeim réttindum, sem maðurinn var búinn að afla með greiðslum úr sameiginlegu búi þeirra til viðkomandi lífeyrissjóðs.

Fleiri dæmi mætti nefna um augljóst misrétti, en hér skal látið staðar numið.

Hér virðist samræmingar þörf, og því er tillaga þessi fram borin.